



ÁRSSKÝRSLA 2012

VEGVÍSIR - MARKMIÐ 2013

FEBRÚAR 2013

Febrúar 2013

Þekkingarnet Þingeyinga
Óli Halldórsson

Forsíðumyndir:

Starfsfólk Þekkingarnets Þingeyinga

Efri v.:
Starfsfólk ÞÞ ásamt Katrínu Jakobsdóttur mennta- og
menningarmálaráðherra við þekkingarsetrið á Húsavík

Efri h.:
Hópur sænskra starfsmanna í fullorðinsfræðslu skoðar blásandi
hnúfubak í heimsókn sinni til þekkingarnetsins haustið 2012

Neðri v.:
Sigurlaug Jónasdóttir fræðir þingeyyska nemendur
um ítalska matargerð.

Neðri h.:
Jóhanna Sigríður Jónsdóttir frá Þórshöfn tekur við
viðurkenningu sem „fyrirmynd í fullorðinsfræðslu“ á
ársfundum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í Reykjavík.

FRÁ FORSTÖÐUMANNI	1
STJÓRN OG STARFSFÓLK	3
HÚSNÆÐI, STARFSSVÆÐI	7
SÍMENNTUNARSVIÐ	10
NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF, RAUNFÆRNIMAT	15
HÁSKÓLANÁMSSVIÐ	19
RANNSÓKNASVIÐ	22
ÚTGÁFA OG KYNNING	27
STARFSEMI 2012 Í MÁLI OG MYNDUM	29

FRÁ FORSTÖÐUMANNI

Starfsemi Þekkingarnets Þingeyinga byggir í meginatriðum á samstarfssamningi stofnunarinnar við mennta- og menningarmálaráðuneytið, sem aftur er gerður með hlíðsjón af staðfestri skipulagsskrá stofnunarinnar. Starfsemin er þrjúþætt; háskólanámsþjónusta, símenntun og rannsóknir.

Ákveðnir þættir í starfsemi stofnunarinnar hafa festst í sessi undanfarin ár á hverju fagsviði og útheimta orðið fyrirséð og áþekk vinnubrögð og þjónustu. Breytileiki er þó ávallt töluverður í starfsumhverfinu og hefur það með tímanum orðið einn helsti styrkleiki símenntunarstöðva og/eða þekkingarsetra að geta brugðist hratt við óvæntum aðstæðum og verkefnum sem upp koma með litlum fyrirvara.

Meginþungi á *símenntunarsviði* liggur í kennslu og rekstri námsleiða Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, þó ávallt sé þess gætt að bjóða styttri námskeið af ýmsu tagi með víða um hérað. Almenn þátttaka í námskeiðum og námsleiðum var viðunandi á árinu 2012, en þó aðeins undir væntingum. Það tókst þó að fullnýta fjármagn sem stóð til boða í námsleiðir í Þingeyjarsýslum þó framboð hefði aðeins breyst frá áformum í ársbyrjun. Á árinu 2012 hlaut Þekkingarnetið EQM-gæðavottun frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, fyrst símenntunarmiðstöðva og formlega viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytis sem fræðsluaðili í kjölfarið.

Náms- og starfsráðgjöf var fyrirferðamikil á árinu og eftirspurn íbúa aldrei verið meiri eftir ráðgjöfinni.

Á *háskólanámssviði* var starfsemi á árinu 2012 mjög öflug og bendir allt til þess að stígandi hafi verið undanfarin ár í fjarnámi og fjarnámsþjónustu í Þingeyjarsýslum. Fjöldi fjarprófa var nær sá sami og árið á undan, sem var metár í fjölda prófa. Góð og samfelld nýting var á námsaðstöðu Þekkingarnetsins víða um hérað.

Grunnstarfsemin á *rannsóknasviði* var í föstum skorðum. Nokkrir háskólanemar voru fengnir til tímabundinna rannsóknaverkefna og einnig vann stofnunin nokkur rannsóknaverkefni á eigin vegum. Sum þessara verkefna eru orðin að föstum árlegum verkum, s.s. samantekt íbúapróunargagna fyrir héraðið. Þá seldi stofnunin út nokkur ráðgjafarverkefni á árinu, viðamest svokallað „Sjálfbærni-verkefni“ sem þú hefur unnið við undanfarin ár.

Samningur Þekkingarnetsins við ríkisvaldið er undirstaða *fjárhagslegs rekstrar* stofnunarinnar. Þó hefur velta stofnunarinnar undanfarin ár verið meira en tvöfalt hærrí en sem nemur föstu ríkisframlagi. Fjármögnun verkefna er því úr fleiri áttum en með ríkisframlagi. Nokkur hluti er tilkominn með verkefnasamningum við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, en einnig með sjálfsaflafé með útsölu vinnu og ráðgjafar. Árið 2012 var, eins og árið á undan, nokkuð erfitt rekstrarlega. Tap var á rekstri stofnunarinnar, en gert hafði verið ráð fyrir því fyrirfram. Tekjustofnar hafa ekki haldið að fullu í við verðlagsbreytingar- og launapróun og ný verkefni ekki náð að fjármagna til fulls það sem uppá vantar. Það er því áskorun ársins 2013 að ná jafnvægi í rekstur Þekkingarnetsins svo fjárhagur stofnunarinnar haldist áfram sterkur.



Óli Halldórsson

Forstöðumaður Þekkingarnets Þingeyinga

STJÓRN OG STARFSFÓLK

Stjórn og starfsfólk










Starfsmannahald	Áætlun 2012?	Niðurstaða 2012	Áætlun 2013?
Stöðugildi launþega á heilsársvísu	8	7,9	7,5
Stöðugildi verktaka við tímabundna námskeiðskennslu	2	1,7	1,6
Stöðugildi að auki við tímabundin rannsóknaverkefni	1	0,4	0,4
Alls stöðugildi:	11	10	9,5

Stjórn og skipurit	2012	Áætlun 2013?
Mannabreytingar í stjórn	Engar breytingar á stjórn.	Ekki fyrir séðar breytingar 2013
Breytingar á skipuriti/stjórnun	Engar breytingar	Ekki fyrir séðar breytingar 2013

Skýringar
<p>Ekki er gert ráð fyrir aukningu í starfsmannahaldi á árinu 2013 frá því sem var á liðnu ári, þ.e. 10 stöðugildum. Fremur verði dregið aðeins saman, m.a. með því að sleppa afleysingum í fæðingarorlofi fastra starfsmanna. Þetta er gert af hagræðingarástæðum vegna minnkandi tekjustofna.</p> <p>Tilnefnt var í stjórn þekkingarnetsins á aðalfundi árið 2012 og verða því tilnefningar endumýjaðar næst á aðalfundi vorið 2014.</p> <p>Á árinu 2013 verður áfram unnið eftir skipuriti þekkingarnetsins frá árinu 2006 (með síðari breytingum frá árinu 2010).</p>

Á árinu 2012 voru 15 launþegar hjá þekkingarnetinu í samtals 7,9 stöðugildum. Utan fastra heilsársstarfsmanna var nokkuð um tímabundin verkefni við rannsóknaverkefni og námskeiðakennslu. Að öllu þessu töldu útheimti starfsemi þekkingarnets Þingeyinga 10 stöðugildi á árinu 2012, sem er lækkun frá fyrra ári. Lækkunin stafar af aðhaldsaðgerðum sem gripið var til í rekstrinum, m.a. með því að ráða ekki afleysingafólk fyrir starfsfólk í fæðingarorlofi.

Starfsfólk þekkingarnets þingeyinga í árslok 2012:

	Óli Halldórsson
	Forstöðumaður (100%)
	MA umhverfisfr., BA heimspeki, frhsk.kennari
	Aðalsteinn J. Halldórsson
	Sérfræðingur rannsóknasvið, umsjón tæknimála (100%)
	BA stjórn málafræði, MPA-í opinberri stjórnsýslu
	Erla Dögg Ásgeirsdóttir
	Náms- og starfsráðgjafi (100%) fæðingarorlof frá 1. feb.
	BA uppeldisfræði, dipl. náms- og starfsráðgj., M.A. nemi í náms- og starfsráðgjöf
	Guðrún Ósk Brynjarsdóttir
	Skrifstofustjóri (100%)
	Skrifstofustjóri/skólaritari frá V.Í.
	Gréta Bergrún Jóhannsdóttir
	Verkefnastjóri Þórshöfn Rannsóknasvið (50%)
	MA kynjafræði, BA fjölmíðlafræði
	Heiðrún Óladóttir
	Verkefnastjóri Þórshöfn Símenntun (60%)
	BEd kennari
	Helena Eydís Ingólfssdóttir
	Sviðsstjóri símenntunar (100%)
	BEd kennari, MPA-nemi í opinberri stjórnsýslu
	Hilmar Valur Gunnarsson
	Náms- og starfsráðgjöf (100%)
	Afleysing v. fæðingarorlofs BA félagsráðgjöf
	Hjördís Bergsdóttir
	Húsumsjón og ræstingar (40%)


Eftirtaldir starfsmenn voru í tímabundnu starfi sem launþegar hjá stofnuninni á árinu 2012:

- Andrea Stefánsdóttir Rannsóknavinna sumarið 2012
- Hilda Kristjánsdóttir Rannsóknavinna sumarið 2012
- Hlynur Magnússon Rannsóknavinna sumarið 2012
- Hugrún Lísá Heimisdóttir Rannsóknavinna sumarið 2012
- Jónína Þorláksdóttir Rannsóknavinna sumarið 2012
- Kjartan Páll Þórarinnsson Rannsóknavinna (sjálfbærni-verkefni)
- Ómar Þorgeirsson Rannsóknavinna sumarið 2012

Auk framangreindra kom nokkur fjöldi fólks til verktakakennslu á námskeiðum og námsleiðum eins og vant er. Á árinu 2012 var gerður samningur við Urðarbrunn um þjónustu fyrir þekkingarnetið á Laugum í Reykjadal og sinnir Baldur Daniélfsson, starfsmaður Urðarbrunn, þeim verkefnum. Á árinu 2012 lét Guðlaug Gísladóttir af störfum, en hún hefur verið verkefnastjóri á rannsóknasviði frá árinu 2009. Hilmar Valur Gunnarsson var ráðinn í afleysingar í náms- og starfsráðgjöf og við almenn störf á símenntunarsviði á árinu 2012. Erla Dögg Ásgeirsdóttir og Gréta Bergrún Jóhannsdóttir voru báðar í fæðingarorlofi stóran hluta árs 2012. Þá var Óli Halldórsson í feðraorlofi í einn mánuð á árinu 2012. Ekki urðu aðrar breytingar á starfsmannahópi þekkingarnets þingeyinga á árinu 2012.

Skipurið

Fagsvið þekkingarnets Þingeyinga eru þrjú og skarast starfssvið starfsmanna að nokkru leyti milli sviða. Starfsfólk þekkingarnets hefur því í flestum tilvikum nokkuð vítt verksvið. Þrátt fyrir að fólk sé jafnan ráðið til starfa á ákveðnu sviði sérstaklega sinna þó flestir ýmsum verkefnum á öðrum sviðum jafnframt.



Stjórn

Stjórn Þekkingarnets Þingeyinga er skipuð 8 fulltrúum sem tilnefndir eru til tveggja ára í senn. Stjórnin myndar þriggja manna framkvæmdaráð úr sínum röðum sem getur afgreitt ákveðin mál í umboði stjórnar. Á árinu 2012 var tilnefnt í stjórn Þekkingarnetsins. Breytingar frá fyrra ári voru þær að Valgerður Gunnarsdóttir skólameistari Framhaldsskólans á Laugum kom inn í stjórn fyrir framhaldsskóla í Þingeyjarsýslum í stað Dóru Ármannsdóttur sem sat í stjórn fyrir Framhaldsskólann á Húsavík. Sú hefð hefur skapast að framhaldsskólarnir skipta með sér stjórnarsetu til tveggja ára í senn. Þá kom Sigurður Þór Guðmundsson inn í stjórn fyrir Héraðsnefnd Þingeyinga í stað Tryggva Finnssonar sem lét af störfum fyrir Héraðsnefndina á árinu.



Stjórn þþ á aðalfundi 2012 ásamt starfsfólki. Frá vinstri, Aðalsteinn, Kjartan, Óli, Reinhard, Guðrún Ósk, Hillmar Valur, Margrét Hólm, Rannveig, Dóra, Helena, Baldur, Rögnvaldur og Aðalsteinn. (Valgerður, Tryggvi og Huld fjarstödd.)

Stjórn Þekkingarnets Þingeyinga í árslok 2012:

Atvinnupróunarfélag Þingeyinga:	• Reinhard Reynisson
Framhaldsskólar í Þingeyjarsýslum:	• Valgerður Gunnarsdóttir
Háskóli Íslands:	• Rögnvaldur Ólafsson
Háskólinn á Akureyri:	• Rannveig Björnsdóttir
Héraðsnefnd Þingeyinga:	• Sigurður Þór Guðmundsson
Norðurþing:	• Huld Aðalbjarnardóttir
Rannsóknastofnanir innan þþ:	• Margrét Hólm Valsdóttir
Stéttarfélag í Þingeyjarsýslum:	• Aðalsteinn Árni Baldursson (formaður)

Framkvæmdaráð Þekkingarnets Þingeyinga í árslok 2012:

- Aðalsteinn Árni Baldursson
- Huld Aðalbjarnardóttir
- Reinhard Reynisson

Stjórn Þekkingarnetsins kom saman til fundar þrisvar sinnum á árinu 2012 og framkvæmdaráð sex sinnum. Alls voru því haldnir níu fundir í stjórn og framkvæmdaráði.

HÚSNÆÐI, STARFSSVÆÐI

Húsnæði ÞÞ		2012	Markmið 2013
Staður	Hús	Aðstaða	
Húsavík	Hafnarstétt 3 Skólahúsnæði og stakir salir (s.s. stofur Framhaldsskólans á Húsavík)	400 fm aðalhúsnæði ÞÞ. Skrifstofuaðstaða fyrir um 15, námsver, 3 kennslu- og fundarými, 3 fjarfundabúnaðir. Kennslu- og fyrirlestraðstaða leigð í tímavís eftir þörfum	Óbreytt húsnæði. Óbreytt fyrirkomulag. Kennslurými leigt eftir þörfum undir kennslu þegar eigið rými er fullnýtt.
Þórshöfn	Menntasetrið á Þórshöfn, Langanesvegi 1	Um 200 fm húsnæði deilt með Frhsk. á Laugum. Skrifstofurými, námsver, fjarfunda- og kennslurými. Nýju fjarfundarými bætt við á árinu.	Óbreytt húsnæði.
Raufarhöfn	„Ráðhúsið“ á Raufarhöfn, Aðalbraut 23.	Fjarfunda- og próftökuaðstaða, nettenging og lesrými.	Bætt verði þjónusta á staðnum, helst með samnýtingu starfsfólks annarra stofnana á staðnum.
Kópasker	Skólahúsið á Kópaskeri	Fjarfunda- og próftökuaðstaða, nettenging og lesrými.	Óbreytt húsnæði.
Laugar	Urðarbrunnur, við Kvennaskólann á Laugum.	Fjarfunda- og próftökuaðstaða, nettenging og lesrými. Samningur undirritaður um hlutdeild í starfsmanni veturinn 2012-2013.	Endurskoðaður verði samningur við Urðarbrunn um þjónustu við námsfólk á svæðinu og framlengdur ef árangur þykir góður.
Bárðardalur	Kiðagil skólalúðir	Fjarfunda-, og próftökuaðstaða og nettenging.	Óbreytt húsnæði.
Mývatnssveit	Grunnskólinn í Reykjahlíð	Fjarfunda- og nettenging. Á árinu 2012 var komið á starfshóp um þekkingarsetur í Mývatnssveit undir stjórn Skútustaðahrepps.	Unnið verði með Skútustaðahreppi og stofnunum á þekkingarsviði að myndun þekkingarseturs í Mývatnssveit.

Skýringar:

Gert er ráð fyrir að höfuðstöðvar þekkingarnetsins verði á komandi árum í núverandi húsnæði að Hafnarstétt 3 á Húsavík. Áfram verður unnið eftir sömu stefnu á Húsavík, þ.e. að nýta eins og kostur er húsnæði þekkingarnetsins til kennslu, en leigja rými eftir þörfum hverju sinni.

Menntasetrið á Þórshöfn var á árinu 2012 starfrækt að Langanesvegi 1 og aukið við rými þar með nýju fjarfundaherbergi til viðbótar við fyrri aðstöðu. Gert er ráð fyrir að starfa áfram í þessu húsnæði, sem hentar vel fyrir starfsemina.

Gert er ráð fyrir að hafa starfsstöð þekkingarnetsins á Raufarhöfn í óbreyttu húsnæði, þ.e. „ráðhúsinu“ á Raufarhöfn. Í fyrrgreindu húsi starfrækir Norðurlþing einnig skrifstofu sína í samstarfi við útibú sparisjóðs og pósthúss. Stefnt er að því á árinu 2013 að auka þjónustu á staðnum með samnýtingu starfsfólks.

Á Kópaskeri verður starfsstöð þekkingarnetsins í grunnskólahúsinu á staðnum. Á árinu 2012 var aðstaða betrubætt og innréttuð m.t.t. þarfa námsfólks. Á árinu 2013 er stefnt að óbreyttri aðstöðu en reyna að efla starfsemina og nýtingu hússins.


Námsaðstaða og -þjónusta á Laugum í Reykjadal var fest í sessi á árinu 2012 með samstarfssamningi við Urðarbrunn. Á árinu 2013 verður samstarfið endurskoðað og framlengt ef efni standa til.

Í Mývatnssveit hefur þekkingarnetið hafið vinnu ásamt Skútustaðahreppi og stofnunum sem starfa á staðnum við þarfagreiningu fyrir myndun þekkingarseturs í Mývatnssveit. Áframhald verður á vinnunni á árinu 2013.

Í Kiðagili í Bárðardal hefur þekkingarnetið verið í samstarfi við heimafólk um námskeiðahald og rekstur fjarfundabúnaðar. Gert er ráð fyrir óbreyttu samstarfi á árinu 2013.

Starfssvæði

Starfssvæði Þekkingarnetsins er á norðausturhorni landsins frá Vaðlaheiði í vestri til og með Bakkafirði í austri. Starfssvæði þp er stórt að flatarmáli og nær yfir sex sveitarfélög. Það er fremur strjálbýlt og búsetuform fjölbreytt. Húsavík er stærsti þéttbýliskjarninn en landbúnaðarhéruð og smærri þéttbýliskjarnar umhverfis.




Starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga.

Rauðir punktar sýna mannaðar starfsstöðvar í fullum rekstri (Húsavík, Þórshöfn) og gulu punktarnir aðra þjónustustaði. (Kiðagil, Laugar, Mývatnssveit, Kópasker, Raufarhöfn).

Netverk símenntunarstöðva á Íslandi.

Þekkingarnet Þingeyinga er hluti af öflugum neti svæðisbundinna símenntunarstöðva sem ná yfir allt landið. Myndin sýnir höfuðstöðvar símenntunarstöðva innan samtakanna Kvasis. Rauðir punktar merkja höfuðstöðvar og bláir aðra þjónustustaði.



Samgöngur eru fremur erfiðar á starfssvæðinu þar sem vegalengdir eru miklar og veður og færð geta verið hamlandi á veturna. Þá eru almenningsamgöngur innan svæðisins í lágmarki, bæði flug og rútur. Akstursvegalengd eftir þjóðvegi milli enda starfssvæðis frá vestri til austurs er um 270 km stystu leið. Að flatarmáli er svæðið allt um 18.440 km² eða 18% landsins.

Húsnæði og aðstaða

Undanfarin ár hefur meginstarfsstöð Þekkingarnets Þingeyinga verið á Hafnarstétt 3 á Húsavík. Um er að ræða uppgert gamalt timburhús við höfnina á Húsavík, alls um 400 m². Húsið hefur frá byggingarárinu 1930 hýst atvinnustarfsemi af mjög ólíku tagi, einkum í tengslum við sjávarútveg og fiskverkun. Húsið var gert upp fyrir nokkrum árum og útbúið sem skrifstofuhúsnæði. Það hentar afar vel undir starfsemi Þekkingarnetsins en þar eru vinnustöðvar fyrir 17 starfsmenn, tvö kennslurými, fundaherbergi, námsver með lesrými, rannsóknastofa auk afgreiðslu og annars sameiginlegs rýmis.

Þekkingarnetið framleigir hluta húsnæðisins á Húsavík til samstarfsstofnana, þ.e. Náttúrustofu Norðausturlands og Háskóla Íslands. Auk þess leigir Heilbrigðiseffirlit Norðurlands eystra eina skrifstofu.

Þekkingarnetið veitir þjónustu um allt starfssvæði sitt. Mönnuð starfsstöð og fullbúin er rekin í Menntasetrinu á Þórshöfn. Setrið er samstarfsverkefni Langanesbyggðar, þekkingarnetsins og Framhaldsskólans á Laugum.

Þá á þekkingarnetið aðild að rekstri þekkingarseturs á Laugum í Reykjadal í samstarfi við heimaaðila sem reka félagið Urðarbrunn, sem starfar m.a. við rannsóknir og fræðslu á sviði menningarminja og fornleifarannsóknna. Þá er rekin þjónusta á Kópaskeri, Raufarhöfn í Mývatnssveit og Kiðagili í Bárðardal sem lýst er nánar í tölfunni fremst í þessum kafla.



Húsnæði þekkingarnetsins á Hafnarstétt 3 á Húsavík.

Þekkingarnet Þingeyinga vinnur markvisst að eflingu starfseinnar víða um starfssvæði sitt.



Unnið að standsetningu nýs fjárfundarýmis í Menntasetrinu á Þórshöfn, en húsnæði var stækkað á árinu 2012.

SÍMENNTUNARSVIÐ

Markmið símenntunarsviðs 2011-2012	Áætlun fyrir 2012	Niðurstaða 2012	Áætlun fyrir 2013
Fjöldi almennra námskeiða á svæði ÞÞ	65	47*	55
Fjöldi námsleiða (vottaðar námsleiðir FA):	10	8**	8
Fjöldi kenndra stunda:	1700	1369	1500
Fjöldi kenndra nemendastunda:	16000	15243	15000
Þátttakendur	700	623	700


*Alls voru auglýst 86 námskeið auk námsleiðanna 8 á starfssvæði Þekkingarnetins.

** Til stóð að halda tvö Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk, 60 kest. hvort. Ekki varð af því þar sem ekki fannst hentugur tími með fiskvinnslum á Húsavík. Þekkingarnetið kláraði þó það fjármagn sem ætlað var til að halda námsleiðir og sótti um viðbótarfjármagn að auki.


Áherslur

Áherslur ársins 2012 voru svipaðar og á árinu 2011. Lögð var áhersla á að kenna námsleiðir Fræðslumiðstöðvarinnar (FA). Einnig var lögð áhersla á stutt námskeið og fyrirlestra með það að markmiði að reyna að höfða til nýrra viðskiptavina, fólks sem öllu jöfnu nýtir sér ekki þjónustu Þekkingarnetins svo sem sjómanna og bænda. Ágætis aðsókn var í þessi námskeið sem fólk sótti sér bæði til gagns og ánægju. Þó þurfti þónokkrum sinnum að taka ákvörðun um að halda afar fámenn námskeið sérstaklega í minni byggðarlögum svæðisins eins og Raufarhöfn, Bakkafirði og Mývatnssveit einfaldlega til þess að halda einhver námskeið þar.

Stuðst er við óformlega greiningu á námsþörfum íbúa á starfssvæði Þekkingarnetins þegar námskeið og námsleiðir eru ákveðnar. Upplýsingar koma úr viðtölum náms- og starfsráðgjafa, samtölum við íbúa og niðurstöðum úr námskeiðsmati. Auk þess eru íbúar alltaf að verða duglegri við að óska eftir námskeiðum eða koma með ábendingar um námskeið sem væri áhugavert að halda á svæðinu.




Hér má sjá skiptingu námskeiða og nemenda-stunda á námskeiðum hjá Þekkingarnetinu árið 2012. Eins og sjá má eru flest námskeiðin sem haldin eru árið 2012 tímstunda-námskeið en þar á eftir starfstengd námskeið eða námskeið sem efla persónulega færni.



Kynjahlutfall í símenntun

Þegar kynjahlutfall námskeiðspáttakenda er skoðað má sjá að það er með svipuðum hætti og síðustu ár. Konur eru duglegri en karlar að sækja sér menntun, bæði á stuttum tómstundanámskeiðum og með lengra námi, s.s. á námsleiðum FA. Hlutfall karlkynspáttakenda er nákvæmlega það sama og árið 2011. Hlutfallið á milli kynjanna er líkt því sem þekkt við fullorðinsfræðslu á Íslandi almennt, þar sem hlutfall kvenna er verulega hærra en karla.

Alls skráðu 747 einstaklingar sig til náms hjá Þekkingarnetinu á árinu en 623 luku námi. Brottfall (hætt við að koma á námskeið eða ljúka ekki námskeiði) hefur því verið um 19%. Brottfall er umtalsvert meira hjá konum en körlum. Það er breyting frá fyrra ári þar sem ekki var munur á brottfalli. Brottfall hjá konum er 23% en hjá körlum 14% á árinu 2012.




Námsleiðir FA

Á árinu 2012 voru kenndar 8 námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Á vormisseri voru kenndar 5 leiðir:

- ❖ Hönnunar- og frumkvöðlasmiðja – kennd fyrir atvinnuleitendur og skrifuð inn í námskrárform FA um opnar smiðjur. Alls luku 10 manns því námi.
- ❖ Fagnám I fyrir starfsfólk í heilbrigðis og félagsþjónustu var kennt á Húsavík og luku 13 manns námsleiðinni.
- ❖ Á Þórshöfn var Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk kennt á vormisseri fyrir 16 manns.

- ❖ Grunnnám fyrir skólaliða var kennt í fjarnámi í góðu samstarfi við Þekkingarnet Austurlands fyrir styrk úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu. Miðstöðvarnar unnu sameiginlega að því að þróa leið til að fjarkenna námsleiðir FA á milli svæða og geta þannig betur komið til móts við íbúa á fámennari svæðum landsins um fjölbreyttari námstækifæri í heimabyggð. Nemendur voru á þremur stöðum, Egilsstöðum, Húsavík og Þórshöfn en kennsla fór fram frá Egilsstöðum, Húsavík og Reyðarfirði.
- ❖ Færni í ferðabjónustu var kennt á vormisseri í Suður-Þingeyjarsýslu. Alls luku 5 af 9 þátttakendum leiðinni. Námið fór fram í helgarlotum sem kenndar voru á Húsavík og í Mývatnssveit þar sem flestir þátttakendur komu frá þeim stöðum.




Á haustmisseri voru kenndar þrjár námsleiðir;

- ❖ Aftur í nám, sem 11 þátttakendur luku,
- ❖ Almennar bóklegar greinar – fyrri hluti, sem 10 þátttakendur luku og
- ❖ á Bakkafirði var Fagnámskeið I fyrir starfsfólk í félags- og heilbrigðisþjónustu kennt. Í upphafi voru 12 manns skráðir til þátttöku en einungis 4 luku námi.



Námskeið

Alls voru auglýst 86 námskeið á vegum Þekkingarnetsins og þá eru ótalin námskeið sem Þekkingarnetið hafði milligöngu um eins og námskeið Endurmenntunar Háskóla Íslands, Símenntunar Háskólans á Akureyri, Framvegis, Starfsmenntar og Neytendastofu. Af þeim 86 námskeiðum sem voru auglýst voru 47 haldin og 39 aflýst. Námskeiðum er aflýst þegar lágmarkspátttaka næst ekki. Oftast miðast hún við 6-10 þátttakendur, en það er aðeins breytilegt eftir því hvar námskeiðin eru auglýst. Viðmið um lágmarkspátttöku eru almennt lægri í fámennari byggðum á starfssvæði Þekkingarnetsins.



Aldur námskeiðspátttakenda

Aldur námskeiðspátttakenda er dreifður en langflestir voru 30 ára eða eldri. Nemendur á námsleiðum frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins voru flestir á aldrinum 31-35 ára en nemendur á stökum námskeiðum voru 41-50 ára. Betur má sjá aldursskiptingu námsleiða og námskeiða á töflunum hér fyrir neðan.



Þróunarvinna, gæðamál

Náið samstarf er á símenntunarsviði milli fræðslumiðstöðva, bæði í gegnum samtök símenntunarstöðva, Kvasi, og eins milli einstakra miðstöðva. Þekkingarnetið hefur átt slíkt samstarf á árinu 2012.

Náms- og starfsráðgjafar innan Kvasis hittast 3-4 sinnum á ári ásamt fulltrúum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Þekkingarnet Þingeyinga tekur þátt í því starfi en á árinu hefur þátttöku Þekkingarnetsins verið sérstaklega óskað vegna reynslu starfsfólks Þekkingarnetsins af EQM. Sviðsstjóri símenntunarsviðs hefur þess vegna tekið fullan þátt í ráðgjafasamstarfinu á árinu 2012 á meðan unnið er að

gæðaviðmiðum fyrir náms- og starfsráðgjöfina og þau innleidd í starf fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna.

Á árinu 2012 var haldið áfram með vinnu við gæðakerfi á símenntunarsviði, þ.e. EQM-gæðakerfið (European Quality Mark) sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins heldur utan um. Þekkingarnet Þingeyinga kláraði innleiðingu EQM kerfisins á árinu 2012 og fór fram úttekt í maímánuði sem gerð var af BSI á Íslandi (umboðsaðili British Standard Institution). Í kjölfar árangursríkrar úttektar fékk Þekkingarnetið formlega EQM-vottun hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, fyrst símenntunarmiðstöðva á Íslandi.



Í kjölfar vottunarferlisins sótti Þekkingarnetið um formlega viðurkenningu sem fræðsluaðili hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu. Þessa viðurkenningu hlaut Þekkingarnetið í septembermánuði 2012, einnig fyrst fræðslustofnana á Íslandi.

Á árinu 2013 verður áfram unnið að gæðamáli hjá stofnuninni, enda gerir EQM-kerfið ráð fyrir lifandi ferli við gæðamálin með reglulegri endurskoðun og úttektum.



Óli Halldórsson tekur við formlegri viðurkenningu fræðsluaðila f.h. Þekkingarnetsins úr hendi Katrínar Jakobsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra í september 2012.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF, RAUNFÆRNIMAT

Fjöldamarkmið í náms- og starfsrágjöf 2012-2013	Áætlun fyrir 2012	Niðurstaða 2012	Áætlun fyrir 2013
Fjöldi náms- og starfsráðgjafarviðtala:	390*	442**	390

*Viðbótarfjármagn fékkst til að taka 50 auka viðtöl.

**442 viðtöl og þar af 99 endurkomuviðtöl.


Ásókn í náms- og starfsráðgjöf hjá Þekkingarneti Þingeyinga hefur aukist stöðugt undanfarin ár. Þeir sem nýta sér ráðgjafarþjónustuna eru í flestum tilfellum að leita eftir aukinni menntun, hvort sem það er innan formlega skólakerfisins eða þess óformlega. Margir líta á þrengingar í efnahagslífinu síðustu ár sem tækifæri til að fara af stað í nám á nýjan leik, sérstaklega ef þeir eru án atvinnu, óánægðir í starfi eða eru hræddir um að missa vinnu sína. Helsta markmið þeirra er að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði og jafnvel opna fyrir nýja möguleika. Heilt yfir gekk ráðgjöfin vel árið 2012.

Helsta ögrun sem Þekkingarnetið stendur frammi fyrir við ráðgjafarþjónustuna ár hvert er hið dreifða og víðfeðma svæði í Þingeyjarsýslum. Það útheimtir skipulag og útsjónarsemi að geta sinnt náms- og starfsráðgjöf með fullnægjandi hætti í dreifðum byggðum fjærst höfuðstöðvunum á Húsavík. Stefna Þekkingarnetsins er sú að sinna þessum svæðum með sambærilegum hætti og þéttbýlinu á Húsavík. Því fylgir mikill kostnaður og fyrirhöfn sem að nokkru leyti er gert ráð fyrir í samningum fræðsluaðila við Fræðslusjóð/FA.

Heildar fjöldi viðtala árið 2012 var 442. Af þeim voru 268 einstaklingar sem komu að eigin frumkvæði og 99 einstaklingar sem komu í endurkomuviðtöl.

Kynningar á vinnustöðum

Kynningar á vinnustöðum er ein af þeim leiðum sem notaðar hafa verið til að ná til einstaklinga á vinnumarkaði. Yfirleitt eru kynningarnar með formlegu sniði, það er að segja kynning inni í fyrirtækjunum sjálfum þar sem ráðgjafi kynnir náms- og starfsráðgjöf ásamt námsframboði Þekkingarnetsins. Á árinu 2012 hélt námsráðgjafi 19 kynningar á vinnustöðum. Á kynningarnar komu 193 einstaklingar og í kjölfar þeirra skráðu 54 einstaklingar sig í viðtal hjá ráðgjafa.




Ráðgjöf við atvinnuleitendur

Ráðgjöf við atvinnuleitendur á svæðinu gekk ágætlega árið 2012, þó viðtölin í þessum flokki séu heldur færri en árið 2011. Það skýrist af bættu atvinnuástandi á svæðinu. Alls tók ráðgjafi þekkingarnetsins 103 viðtöl við atvinnuleitendur árið 2012. Samstarfið við Vinnumálastofnun á starfssvæði þekkingarnetsins hefur verið að mótast undanfarin ár og er nú komið í nokkuð fastar skorður. Um það bil mánaðarlega er farið um svæðið til að hitta atvinnuleitendur ásamt ráðgjafa frá Vinnumálastofnun. Vinnumálastofnun sér alfarið um að boða atvinnuleitendur í viðtal. Ráðgjafi frá Vinnumálastofnun og ráðgjafi frá þekkingarnetinu fara saman til Raufarhafnar, Þórshafnar og Kópaskers annars vegar og hins vegar í Lauga og Mývatnssveit. Þetta gerir það að verkum að atvinnuleitendur á þessum svæðum eru að fá viðtal við ráðgjafa að minnsta kosti einu sinni á tveggja mánaða fresti, stundum oftár. Atvinnuleitendur á Húsavík hafa aðgang að ráðgjafa þegar þeir vilja og geta þantað sér viðtal eftir þörfum. Einnig eru atvinnuleitendur boðaðir í skipulögð viðtöl til ráðgjafa Vinnumálastofnunar og þekkingarnetsins reglulega. Þetta vinnulag sem unnið hefur verið eftir hefur reynst ná til sem flestra enda starfssvæðið stórt og víðfeðmt.


Kynjahlutfall í náms- og starfsráðgjöf

Hlutfall kynjanna hefur jafnast töluvert milli árána 2011 og 2012. Árið 2011 var skiptingin 60%-40% konum í vil, en eins og sjá má hér að neðan hefur bilið jafnast síðastliðið ár. Það eru ánægjulegar fréttir og gefur vísbendingar um að karlmenn séu í ríkari mæli að sækjast eftir menntun, til að auka möguleika sína á vinnumarkaði.



Aldurshlutfall í náms- og starfsráðgjöf

Aldurskipting ráðþega þekkingarnetsins hefur haldist nokkuð svipuð undanfarin ár. Flestir ráðþegar hafa verið í aldurshópnum 26 til 40 ára, 30% árið 2010, 38% árið 2011 og 39% 2012.



Raunfærnimat

Náms- og starfsráðgjafi Þekkingarnetsins hefur umsjón með raunfærnimati og verkefnum sem því tengjast á vegum stofnunarinnar. Árið 2012 var þó ekki unnið að raunfærnimati hjá Þekkingarnetinu nema með óbeinum hætti í samstarfi við aðrar símenntunarstöðvar. Á árinu 2013 er gert ráð fyrir vinnu við raunfærnimat í iðngreinum í Þingeyjarsýslum.

HÁSKÓLANÁMSSVIÐ

	Markmið 2012	Náðist markmið?	Skýringar	Markmið 2013
aðstaða	<i>Háskólanámsver á Húsavík rekið með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur.</i>	Já	Rekstur eins. Sólarhringsaðgangur, tækniaðstoð, ráðgjöf, prentun, ljósritun o.fl.	<i>Háskólanámsver á Húsavík verði rekið með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur.</i>
	<i>Starfsemi Menntasetursins á Þórshöfn verði með sama hætti. Brugðist verði við stækkunarþörf á húsnæðis-kosti innan núverandi húsnæðis ef þörf krefur.</i>	Já	Núverandi húsnæði stækkað með nýju fjárfundaherbergi. Hýsir nú 3 fjárfundabúnaði og vinnuaðstöðu nema.	<i>Starfsemi Menntasetursins á Þórshöfn rekin með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur.</i>
þjónusta	<i>Undirbúningi að myndun þekkingarseturs í Mývatnssveit verði komið í fastan farveg.</i>	Já	Starfshópur um þekkingarsetur í Mývatnssveit stofnsettur formlega á árinu 2012 að frumkvæði ÞÞ.	<i>Bæta þjónustu við fjarnema í Mývatnssveit. Halda áfram vinnu um myndun þekkingarseturs í Mývatnssveit með Skútustaðahreppi.</i>
Námsver	<i>Gert verði samkomulag við húsráðendur námsvera á hverjum stað (Raufarhöfn, Kópasker, Laugur, Kiðagil) um þjónustu við fjarnema.</i>	Já	Samningur undirritaður um rekstur námsvera á Laugum. Samkomulag við húsráðendur annarra námsvera um rekstur.	<i>Bæta/auka aðgengi námsmanna að núverandi námsverum í héraðinu.</i>
Framhaldsskólar	<i>Samstarf verði aukið við framhaldsskóla héraðsins. Kynntir verði fyrir útskriftanemum framhaldsskóla möguleikar á fjarnámsþjónustu í heimahéraði.</i>	Já	Samstarfsverkefnum komið á milli FSH, FL og ÞÞ (námsframboð í ferðaþjónustu). Útskriftanemum FSH kynnt fjarnámsþjónusta og námsaðstaða.	<i>Kannaðir verði möguleikar á samnýtingu tölvukerfa og nettenginga framhaldsskólans á Húsavík og ÞÞ. Áfram verði Menntasetrið á Þórshöfn rekið í nánú samstarfi við Framhaldsskólann Laugum. Athugaðir verði kostir á samrekstri námsvera á Raufarhöfn í samstarfi við framhaldsskólana.</i>
Námsráðgjöf	<i>Fjarnám verði kynnt sérstaklega á árinu. Kynning verði í höndum námsráðgjafa að vori. Horft til bæði háskólanáms og fjarnáms af öðru tagi (áhersla á nám sem ekki er í boði í heimahéraði).</i>	Já	Námsráðgjöf auglýst fyrir háskólanema, m.a. með útgáfu háskólanámsbæklings vorið 2011. Fjöldmörg ráðgjafarviðtöl háskólanema á árinu.	<i>Námsframboð í háskóla fjarnámi verði kynnt sérstaklega útskriftanemum framhaldsskóla héraðsins.</i>
Fjarpróf	<i>Sameiginlegum vettvangi eða félagsskap setra/miðstöðva sem sinna háskólaþjónustu verði komið upp. Stefnt að formlegri upptöku sameiginlegra prófreglna á landsvísu á árinu 2012.</i>	Nei	ÞÞ hafði frumkvæði að samráði setra/miðstöðva sem sinna háskólaþjónustu en ekki náðist eining um að stofna formlegan samráðsvettvang.	<i>ÞÞ hafi frumkvæði að stofnun sameiginlegs samráðsvettvangs setra/miðstöðva sem sinna háskólaþjónustu á árinu. Fjarpróf verði boðin með fullri þjónustu á öllum 7 þjónustustöðum ÞÞ</i>

Fjarfundabúnaður	Haldið verði áfram að endurnýja fjarfundabúnaði. Á árinu verði keyptur nýr búnaður (hdx) á Þórshöfn.	Nei	Vegna aðhaldsaðgerða var endurnýjun fjarfundabúnaða frestað á árinu 2012.	Virku neti fjarfundabúnaða á öllum tengipunktum þá verði viðhaldið á árinu.
------------------	--	-----	---	---

Námsver og þjónusta

Þekkingarnet Þingeyinga sinnir allri þjónustu við fjarnema háskóla og eftir atvikum annarra skóla, á starfssvæði sínu. Á árinu 2012 var gerður samstarfssamningur við félagið Urðarbrunn um samrekstur þekkingarseturs/námsvers á Laugum í Reykjadal. Árinu áður hafði aðstaða í Norður-Þingeyjarsýslu verið bætt verulega, þ.e. á Kópaskeri og Raufarhöfn. Í árslok 2012 getur þekkingarnetið því boðið vinnuaðstöðu fyrir námsmenn með mannaðri þjónustu á dagvinnutíma og aðgengi allan sólarhringinn á Húsavík, Þórshöfn og Laugum. Á Kópaskeri, Raufarhöfn og í Kiðagili er þjónusta fyrir námsmenn í boði til fjarprófahalds og fjarfunda og vinnuaðstaða með samkomulagi hverju sinni. Í Mývatnssveit er eingöngu um fjarfundaaðstöðu að ræða. Þekkingarnetið stefnir að því að bæta aðstöðu og þjónustu í Mývatnssveit m.a. með því að hafa frumkvæði að umræðu um samrekstur þekkingarstarfsemi í Mývatnssveit.




Háskólanámsver þekkingarnetsins á Húsavík

Sem fyrr hafa háskólanámsverin og -þjónustan reynst afar mikilvægir þættir í starfsemi þekkingarnetsins í samfélaginu. Samneyti starfsmanna þekkingarnetsins við námsfólk í fjarnámi hefur reynst báðum aðilum afar ánægjulegt og farsælt fyrirkomulag.

Fjarpróf

Þekkingarnetið tekur að sér framkvæmd og yfirsetu fjarprófa fyrir alla skóla og nema sem þess óska innan starfssvæðis þekkingarnetsins. Ekki er tekið gjald fyrir þá umsýslu. Árið 2012 voru umsvif í fjarprófahaldi nánast þau sömu og árið áður, en það ár var metár í fjölda. Alls voru tekin 390 fjarpróf á 5 stöðum í héraðinu frá alls 11 skólum á vegum þekkingarnetsins árið 2012.

Á árinu 2012 staðfesti þekkingarnetið með formlegum hætti sínar eigin reglur um framkvæmd fjarprófa. Þessar reglur eru byggðar á venjum og reglum háskólanna og voru þær bornar undir prófstjóra Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri áður en þær voru staðfestar með formlegum hætti af stjórn stofnunarinnar. Ennfremur var tekin sú ákvörðun að bjóða fjarprófþjónustu á grunni þessara prófreglna á öllum þjónustustöðum þekkingarnetsins. Ef ekki kemur til ákvörðun samstarsskólanna um að takmarka sína þjónustu er því fjarprófahald í boði á sex stöðum í héraðinu.



RANNSÓKNASVIÐ

	Markmið 2012	Náðist markmið?	Skýringar	Áætlun 2013
Starfsmannahald	<i>Starfsmannahald á rannsóknasviði verði ekki skert á árinu. Brugðist verði við fyrirséðri fjarveru starfsmanna á rannsóknasviði (fæðingarorlofi) á árinu 2012 með tímabundnum verkefnaráðningum.</i>	Já	Á árinu 2012 komu þrír starfsmenn auk forstöðumanns að vinnu á rannsóknasviði í hluta- eða heilu starfi. Umfang vinnu á rannsóknasviði áþekkt því sem var árið 2011.	Starfsmannahald verði fellt að fjárhagslegu bolmagni m.t.t. verkefnastöðu á rannsóknasviði árið 2013.
Rannsóknaverkefni háskólanema	<i>Staðið verði fyrir fimm rannsóknaverkefnum í samstarfi við háskólanema.</i>	Já	Sex rannsóknaverkefni voru unnin sumarið 2012 í samstarfi við háskólanema.	Staðið verði fyrir a.m.k. fjórum rannsóknaverkefnum í samstarfi við háskólanema.
Innlend rannsókn-/ráðgjafarverkefni	<i>Seld verði sérfræðivinnu við sk. „Sjálfbærni-verkefni“ sem kosti stöðugildi sérfræðings á rannsóknasviði. Stefnt verði að gerð verktakasamnings við verkkaupa.</i>	Já	Samningi við eigendur sk. Sjálfbærni-verkefnis viðhaldið út árið 2012. Samningur var ekki endurnýjaður á árinu þar sem ákveðið var á árinu að færa vinnu sjálfbærni-verkefnis heim í „hérað“, þ.e. til Austurbrúar.	Hafnar verði viðræður við seljendur og kaupendur orku í Þingeyjarsýslum um ráðgjafarvinnu á grunni „sjálfbærni-verkefnisins“ sem þá vann að um árabíl. Seld verði þjónustuverkefni við upplýsingaöflun og rannsóknir effir því sem kostur er innan héraðs.
Erlend rannsóknaverkefni	<i>Leitað verði fjármögnunar í erlenda sjóði, t.a.m. IPA fjármagn, til þróunarverkefnisins „Dreifð byggð-dreifð þjónusta“.</i>	Já	Á árinu 2012 var sótt um styrk í IPA sjóð Evrópusambandsins vegna verkefnisins RICE (Rural Iceland). Um er að ræða verkefni sem gengur út á nýbreytni í þekkingarstarfsemi og þjónustu í dreifðum byggðum.	Sótt verði um rannsóknastyrki í erlenda sjóði í samstarfi við aðrar stofnanir í héraðinu. Áhersla verði lögð á verkefni sem hagnýtast samfélagi/byggð í Þingeyjarsýslum.

Samstarfsverkefni í héraðinu	<p>ÞÞ efli samstarf við stoðkerfi atvinnulífsins í Þingeyjarsýslum.</p> <p>Samstarfi um rekstur nýrra þjónustustöðva ÞÞ á Raufarhöfn, Kópaskeri, á Laugum og í Mývatnssveit verði komið í fastan farveg.</p>	Já	<p>ÞÞ leiðir samstarf stofnana innan veggja húsnæðis að Hafnarstétt 3. Samstarf föluvert við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga.</p> <p>ÞÞ átti frumkvæði að myndun vinnuhóps um myndun þekkingarseturs í Mývatnssveit. Samningur undirritaður um rekstur þekkingarseturs á Laugum. Samkomulag gert við Norðurþing um aðrar þjónustustöðvar ÞÞ.</p> <p>ÞÞ kom í samstarfi við HÍ á viðamikilli rannsókn</p>	<p>ÞÞ verði leiðandi afl í samstarfi stofnana á sviði fræðslu og rannsókna í héraðinu.</p> <p>Kannaðir verði kostir á auknu samstarfi stofnana til faglegrar og fjárhagslegrar samlegðar.</p>
Upplýsingasöfnun í héraðinu	<p>Árlegri útgáfu á grunnupplýsingum um íbúa- og samfélagsþróun á starfssvæði ÞÞ verði haldið áfram.</p>	Já	<p>Íbúaþróunarskýrsla gefin út í mars 2012 og kynnt.</p>	<p>Árlegri útgáfu á grunnupplýsingum um íbúa- og samfélagsþróun á starfssvæði ÞÞ verði haldið áfram.</p>
Kynningarmál	<p>Lögð verði áhersla á aukna kynningu verkefna og niðurstaðna úr rannsóknum ÞÞ, bæði innan héraðs og utan, með þátttöku í málþingum, ráðstefnum, greinarskrifum o.fl.</p>	Nei	<p>Kynning verkefna og niðurstaðna ársins færðist að nokkru leyti yfir áramótin 2012/2013. Minni þátttaka í málþingum/ráðstefnum á sviði rannsókna varð en til stóð.</p>	<p>Lögð verði áhersla á aukna kynningu verkefna og niðurstaðna úr rannsóknum ÞÞ, bæði innan héraðs og utan, með þátttöku í málþingum, ráðstefnum, greinarskrifum o.fl.</p>

Rannsókn- og þróunarstarfsemi þekkingarnetsins felst í meginatriðum í eftirfarandi þáttum:

- *Rannsóknþjónusta*; þ.e. þjónusta, upplýsingagjöf og aðstoða fyrir rannsakendur í Þingeyjarsýslu.
- *Eigin rannsóknar- og þróunarverkefni* þekkingarnetsins.
- *Útseld rannsókn- og ráðgjafarvinna* starfsfólks þekkingarnetsins.
- *Rannsóknaverkefni* sem unnin eru af háskólanemum eða í samstarfi við þá.
- Samstarf við aðrar stofnanir um ýmis þróunar- og rannsóknaverkefni.

Rannsóknþjónusta

Þekkingarnetið hefur það hlutverk samkvæmt skipulagsskrá og samningi við menntamálaráðuneytið að þjónusta vísinda- og fræðastarf í Þingeyjarsýslum. Þannig er lögð áhersla á að hýsa rannsakendur og aðstoða þá sem sinna rannsóknum í Þingeyjarsýslum með margvíslegum hætti. Slík þjónusta er veitt með aðgangi að húsnæði, tækjum og netkerfi þekkingarnetsins auk þess sem ráðgjöf er

veitt með formlegum og óformlegum hætti við rannsóknastarf. Þessi rannsóknþjónusta er veitt ýmsum aðilum, eftirtöldum helst:

- Starfsfólki rannsóknastofnana,
- rannsakendum á vegum háskóla á Íslandi,
- námsfólki í rannsóknaverkefnum,
- sjálfstæðum rannsakendum (Íslenskum og erlendum).

Eigin verkefni Þekkingarnetsins

Þekkingarnetið hefur samkvæmt samningi við menntamálaráðuneyti og skipulagsskrá ákveðnar skyldur til frumkvæðis að rannsókn- og þróunarstarfi í héraðinu. Þannig er leitast við að afla þekkingar á samfélagi eða umhverfi í héraðinu með rannsóknastarfi og þátttöku í ýmsum þróunarverkefnum.

Útseld rannsókn- og ráðgjafavinna

Sala á sérfræðivinnu var töliverð á árinu 2012, en hún fór þó minnkandi þegar leið á árið. ÞÞ vann að nokkrum útseldum verkefnum við upplýsingaöflun og ráðgjöf.

Fyrirferðamest útseldra verkefna var svokallað „Sjálfbærni-verkefni“, en þau eru samstarfsverkefni Landsvirkjunar, Alcoa og Landsnets sem ÞÞ hefur unnið við sem verktaki frá árinu 2008. Um er að ræða umsjón og utanumhald verkefnis um þróun og rekstur sjálfbærnivísa/-mælikvarða við uppbyggingu og rekstur orkuöflunar og iðnaðar á Norðurlandi og Austurlandi. Á árinu 2012 var hætt vinnu við Norðurlandshluta sjálfbærni-verkefnisins en Austurlandsverkefnið hélt áfram. Við þessa breytingu varð ljóst að breytingar yrðu gerðar á umsjón verkefnisins og Þekkingarnetinu tilkynnt í árslok að stefnt yrði að því að færa verkefnastjórn sjálfbærni-verkefnisins nær viðfangsefninu til aðila á Austurlandi.

Þá var unnin lítil viðhorfsrannsókn á þörfum og væntingum íbúa Langanesbyggðar til þjónustu við eldri borgara í sveitarfélaginu.

Loks var upplýsinga aflað og uppkast unnið að texta í Árbók Þingeyinga fyrir sveitarfélagið Norðurþing.

Rannsóknaverkefni háskólanema

Á árinu 2012 var eins og venja er leitað eftir samstarfi við háskólanema um rannsókn- og þróunarverkefni. Eitt markmiðið er að efniviður slíkra verkefna tengist héraðinu og/eða þau skapi atvinnu fyrir háskólanema úr héraði. Á árinu 2012 voru unnin sex verkefni af háskólanemum á vegum og/eða í samstarfi við Þekkingarnetið.

Verkefni á rannsóknasviði 2012			
Verkefni	Gerð verkefnis	Samstarf	Framkvæmd (ÞÞ)
RICE (Rural Iceland)	Rannsóknar-/ þróunarverkefni Umsókn um IPA- styrk ESB.	Austurbrú, Háskólasetrið á Höfn.	Óli Halldórsson (ÓH), Gréta Bergrún Jóhannesdóttir (GBJ)
Mannfjöldapróun á starfssvæðinu	Rannsóknar-/ þróunarverkefni	Eigið verkefni	Aðalsteinn J. Halldórsson (AJH)
Skilvirkni og aðgengileiki mats á umhverfisáhrifum framkvæmda	Rannsóknarverkefni	Skipulagsstofnun (rannsóknasjóður)	ÓH AJH GBJ
Ferðaþjónusta í byggðum landsins – efnahagsleg áhrif	Rannsóknarverkefni til 3ja ára	Háskóli Íslands - Rannsóknasetur á Húsavík	Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir ÓH
Könnun á menntunartígi og starfsreynslu útlendinga á starfssvæði ÞÞ	Viðhorfskönnun	Starfsmenntaráð	Erla Dögg Ásgeirsdóttir (EDÁ) ÓH
Sjálfbærni- verkefni - Austurlandsverkefni	Útsala/ráðgjöf	Alcoa, Landsvirkjun	Guðlaug Gísladóttir (GG) Kjartan Páll Þórarinnsson
Könnun á viðhorfum til Dvalar-og hjúkrunarheimilisins Nausts	Útsala	Langanesbyggð	GBJ AJH
Upplýsingaöflun og ritunarvinna vegna Árbókar Þingeyinga	Útsala/ráðgjöf	Norðurþing	AJH

Eigin verkefni

Háskólanema- verkefni	Heimskautsgerði á Raufarhöfn – uppfærsla	Rannsóknar-/ þróunarverkefni	Eigið verkefni	Andrea Stefánsdóttir
	Sögulegir jarðskjálftar á Norðurlandi	Verkefni háskólanema	King Abdullah University Saudi Arabia, H.Í.	Ómar Þorgeirsson B.A. Sagnfræði
	Hagræn úttekt á starfssvæði þekkingarnets Þingeyinga	Rannsóknar-/ þróunarverkefni	Eigið verkefni	Hlynur Magnússon AJH
	Þingey í Skjálfafljóti: Tækifæri og framtíð	Rannsóknar-/ þróunarverkefni	Héraðsnefnd Þingeyinga	ÓH AJH Hilda Kristjánsdóttir
	Áhrif frystingar á gæði makríls: mismunandi frystiaðferðir og áhrif á gæði	Rannsóknar-/ þróunarverkefni	Ísfélagið, Þórshöfn/Matís	Jónína Sigríður Þorláksdóttir
	Auðlindagarður við Öxarfjörð	Rannsóknar-/ þróunarverkefni	H.A./Impra/Matís	Hugrún Lía Heimisdóttir

ÚTGÁFA OG KYNNING

Útgefið efni

Þekkingarnetið gaf út eftirfarandi skýrslur/greinargerðir/rit/námsefni á árinu 2012. Efnið er aðgengilegt á vef þekkingarnetsins <http://www.hac.is/utgefid-efni/> :

- **Þingey í Skjálfafljóti: Tækifæri og framtíð**
 Verkefni unnið sumarið 2012. Unnið fyrir Héraðsnefnd Þingeyinga og gengur út að að greina kosti í samgöngumálum við Þingey. Jafnframt að kanna hvaða möguleikar eru til nýtingar eyjunnar.
 Ábyrgð og ritstjórn: Óli Halldórsson, Aðalsteinn J. Halldórsson, Hilda Kristjánsdóttir (nemi)
- **Auðlindagarður við Öxarfjörð.**
 Möguleikar á sjálfbærri ræktun á Austursandi við Öxarfjörð á grundvelli jarðvarma og með nýtingu úrgangs frá matvælaframleiðslu á svæðinu.
 Ábyrgð og ritstjórn: Hugrún L. Heimisdóttir, Rannveig Björnsdóttir, Erla Sigurðardóttir og Aðalsteinn J. Halldórsson.
- **EQM gæðahandbók á símenntunarsviði 2012.**
 Gæðahandbók þp fyrir árið 2012. Á grunni EQM gæðakerfisins.
 Ábyrgð og ritstjórn: Helena Eydís Ingólfssdóttir, Óli Halldórsson.
- **Könnun á viðhorfum til Dvalar- og hjúkunarheimilisins Nausts**
 Könnun meðal íbúa í Langanesbyggð um þjónustu og væntingar til Dvalar- og hjúkunarheimilisins Nausts.
 Ábyrgð og ritstjórn: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Aðalsteinn J. Halldórsson.
- **Ársskýrsla 2011 og starfsáætlun 2012**
 Ársskýrsla þekkingarnets Þingeyinga 2011 og starfsáætlun fyrir 2012. Gefin út árlega. Unnið af Óla Halldórssyni.
 Ábyrgð og ritstjórn: Óli Halldórsson.
- **Mannfjöldapróun á starfssvæði þekkingarseturs Þingeyinga.**
 Yfirlit yfir mannfjöldapróun á starfssvæði þekkingarnets Þingeyinga sem nær frá Vaðlaheiði í vestri til Bakkafjarðar í austri. Í skýrslunni eru teknar saman tölur frá Hagstofu Íslands yfir íbúapróun og -samsetningu einstakra sveitarfélaga og byggðakjarna innan þeirra.
 Ábyrgð og ritstjórn: Aðalsteinn J. Halldórsson, Óli Halldórsson.
- **Áhrif frystingar á gæði makrils: frystiaðferðir og áhrif á gæði**
 Unnið af Jónínu Sigríði Þorláksdóttur. Verkefnið snýst um að mæla áhrif tveggja tegunda frystingar á gæði makrils til manneldis.
 Ábyrgð og ritstjórn: Jónína Sigríður Þorláksdóttir, Aðalsteinn J. Halldórsson.

- **Ný tækifæri: Könnun á menntunartígi og starfsreynslu útlendinga á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga**

Unnið af Erlu Dögg Ásgeirsdóttur og Grétu Bergrúnu Jóhannesdóttur. Um er að ræða könnun á þörfum og högum útlendinga þegar kemur að nýjum tækifærum á vinnumarkaði.

Ábyrgð og ritstjórn: Erla Dögg Ásgeirsdóttir, Gréta Bergrún Jóhannesdóttir og Óli Halldórsson

Framsögur og fyrirlestrar

Á árinu 2012 stóð Þekkingarnetið fyrir fyrirlestrum og framsögum, ýmist á eigin vegum eða í samstarfi við aðrar stofnanir.

- Húsavík, janúar og mars 2012. „Tæpitungulaust – Indjánar“. Sigurður Hjartarson flutti í janúar erindi um kynni sín og rannsóknir á indjánum í fyrirlestrarröðinni Tæpitungulaust. Sigurður flutti svo framhaldserindi í mars.
- Húsavík, mars 2012. „Þekkingarstarfsemi í Þingeyjarsýslum“. Óli Halldórsson kynnti starfsemi Þekkingarnets Þingeyinga og samstarfsstofnana fyrir sveitarstjórnarmönnum frá Norðurlandi vestra. Þekkingarsetrið, Húsavík.
- Blönduvirkjun, mars 2012. „Dreifð byggð-dreifð þjónusta“. Óli Halldórsson flutti erindi á samráðsfundi mennta- og menningarmálaráðuneytis með símenntunarstöðvum. Blönduvirkjun.
- Húsavík, apríl 2012. „Tæpitungulaust – Júróvisjón“. Reynir Þór Eggertsson flutti fyrirlestur um Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva á Fosshótel Húsavík í fyrirlestrarröðinni Tæpitungulaust.
- Húsavík, maí 2012. „Udfordringar í udkantsomráðum“. Helena Eydís Ingólfssdóttir flutti þetta erindi á dönsku á NVL ráðstefnu á Húsavík.
- Reykjavík, júní 2012. „Landsbyggð tækifæranna“. Óli Halldórsson flutti erindi á ráðstefnu mennta- og menningarmálaráðuneytisins um mennta- og byggðamál. Grand Hótel, Reykjavík.
- Húsavík, september 2012. „Viðurkenning fræðsluaðila“. Óli Halldórsson flutti ávarp/erindi í tilefni af viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðherra á Þekkingarneti Þingeyinga sem fræðsluaðila. Þekkingarsetrið, Húsavík.
- Húsavík, október 2012. „Education on the Edge“. Óli Halldórsson kynnti hópí forsvarsmanna fullorðinsfræðslustofnana frá Svíþjóð starfsemi símenntunarstöðva á Íslandi. Þekkingarsetrið, Húsavík.
- Húsavík, desember 2012. „Tæpitungulaust – Venni Páer“. Vernharð Þorleifsson flutti erindi á Fosshótel Húsavík í fyrirlestrarröðinni Tæpitungulaust.

Starfsfólk Þekkingarnetsins hélt fleiri framsögur og kynningar í héraði í tengslum við störf stofnunarinnar sem ekki eru tilgreindir hér, t.a.m. inni á vinnustöðum og tengslum við almenna kynningu verkefna og þjónustu stofnunarinnar.

STARFSEMI 2012 Í MÁLI OG MYNDUM

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir frkvstj. Fræðslumiðstöðvar atvinnulífins afhendir Óla Halldórssyni forstm. Þekkingarnetsins staðfestingu á EQM-gæðavottun í maí 2012.



Frá námskeiði í ítalskri matargerð á Húsavík. Sigurlaug Margrét Jónasdóttir, leiðbeinandi sýnir handtökin.



Fjöldmenni sótti höfuðstöðvar Þekkingarnetsins á Hafnarstétt 3 á Húsavík heim í tilefni af móttöku formlegrar viðurkenningar fræðsluaðila haustið 2012.



Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tilnefndi nemanda Þekkingarnets Þingeyinga, Jóhönnu Sigríði Jónsdóttur frá Þórshöfn, sem eina af þremur "fyrirmyndum í námi fullorðinna" fyrir árið 2012. Á myndinni er Jóhanna Sigríður með verðlaun sem afhent voru á ársfundi Fræðslumiðstöðvarinnar ásamt Heiðrínu Óladóttur verkefnastjóra Þekkingarnetsins í Menntasetrinu á Þórshöfn.



Haldin voru nokkur námskeið fyrir fatlaða í samstarfi við Fjölmenn. Myndin sýnir nemendur af fördunarnámskeiði á Húsavík.

Þekkingarsetrið Starfsemi



á Húsavík

árið 2012



Þekkingarnet
Þingeyinga

Miðstöð símenntunar,
háskólanáms- og rannsóknna.

•Óli Halldórsson

MA umhverfisfræði, BA heimspeki, framh.sk.kennari
Verkefni: Forstöðumaður



•Aðalsteinn J. Halldórsson

MPA í opinberri stjórnsýslu, BA stjórnmálafræðingur
Verkefni: Sérfræðingur á rannsóknasviði



•Hjördís Bergsdóttir

Verkefni: Húsumsjón og ræstingar



•Erla Dögg Ásgeirsdóttir

BA uppeldisfræði, dipl. náms- og starfsráðgjöf, M.A. nemi í náms- og starfsráðgjöf.
Verkefni: Náms- og starfsráðgjafi



•Gréta Berggrún Jóhannsdóttir

MA kynjafræði, BA fjölmiðlafræði
Verkefni: Verkefnastjóri í Menntasetrinu Þórshöfn



•Guðrún Ósk Brynjarsdóttir

Skrifstofustjóri /skólanari VÍ
Verkefni: Skrifstofustjóri, afgreiðsla, skrifstofustörf, húsumsjón.



•Heiðrún Óladóttir

BEEd kennari
Verkefni: Verkefnastjóri í Menntasetrinu á Þórshöfn.



•Helena Eydís Ingólfssdóttir

BEEd kennari, MPA nemi í opinberri stjórnsýslu
Verkefni: Svíðstjóri á símenntunarsviði



•Hilmar Valur Gunnarsson

BA í félagsráðgjöf
Verkefni: Náms- og starfsráðgjöf



•Kjartan Páll Þórarinnsson

BA í stjórnmálafræði
Verkefni: Rannsóknasvið - sjálfbærni-verkefni



Sumarstarfsfólk ÞÞ við rannsóknir

•Ómar Þorgeirsson

BA í sagnfræði
Verkefni: Heimildavinna um jarðskjálfta á Norðausturlandi



•Andrea Stefánsdóttir

Nemi við HA
Verkefni: Hlynur Magnússon



•Hilda Kristjánsdóttir

MA í þjóðfræði
Verkefni: Þingey í Skjálfaðafjótí – framtíð og tækifæri



•Jónína Þorlákssdóttir

BS í líffræði
Verkefni: Frysting og geymsla markrills



Náttúrustofa
Norðausturlands

Rannsóknastofnun á sviði náttúrufræða.

•Porkell Lindberg Þórarinnsson

MS/BS líffræðingur
Verkefni: Forstöðumaður



•Sesselja G. Sigurðardóttir

BS líffræðingur
Verkefni: Sérfræðingur Rannsóknastofna, skýrsluvinna



•Aðalsteinn Örn Snæþórsson

MS líffræðingur, kennari
Verkefni: Sérfræðingur Rannsóknir, fræðsla



•Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir

MS Umhverfisstjórnun, BS líffræðingur,
Verkefni: Sérfræðingur. Náttúruvernd og umhverfismál



•Yann Kolbeinnsson

BS líffræðingur, MS nemi
Verkefni: Sérfræðingur. Fuglarannsóknir og -vöktun



Háskóli Íslands

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík á sviði sjávarspendýrafræða.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

•Marianne H. Rasmussen

PhD sjávarspendýralíffræði, cand.sc. líffræði
Verkefni: Forstöðumaður í fullu starfi



•Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir

MS í viðskiptafræði
Verkefni: Sérfræðingur. Rannsóknir á efnahagslegum áhrifum ferðaþjónustu



•Huld Hafliðadóttir

Verkefnastjóri. Kynning, útgáfa, samskipti við rannsakendur og stofnanir



Auk starfsfólks Háskóla Íslands sem greint er frá að ofan starfa ár hvert íslenskir eða erlendir námsmenn við rannsóknir í tímabundnum störfum.



Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

•Porkell Björnsson

Mjólkurfræðingur
Staða: Heilbrigðisfulltrúi í Þingeyjarsýslum



•Hugrún Lís Heimisdóttir

MS í líffækni
Verkefni: Auðlindagarður við Óxarfjörð



•Hlynur Magnússon

BS í viðskiptafræði
Verkefni: Hagtölur í Þingeyjarsýslum



Nemar og gestir

Auk starfsfólks sem greint er að ofan starfar fjöldi námsfólks í símenntun og háskólafránnámi innan veggja Þekkingarsetursins allt árið um kring. Einnig er nokkuð um gestarannsakendur í samstarfi við stofnanirnar sem nýta aðstöðu og þjónustu við störf sín til skemmi tíma.